

441. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga, 3. júní 2020, kl. 14.00 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

Elísabet Anna Jónsdóttir ANR, Gunnar Þorgeirsson formaður BÍ, Hrafn Hlynsson FJR og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri SG. Arnar Árnason formaður LK sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Þá sátu fundinn Jón Baldur Lorange ANR, Sigurður Eyþórsson framkvæmdastjóri BÍ og Unnsteinn Snorri Snorrason framkvæmdastjóri LS.

Eftirfarandi var tekið fyrir samkvæmt dagskrá:

- 1. Tillaga Bændasamtaka Íslands um fjármagn á grundvelli 6. og 9. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar.**
 - a) Lögð var fram tillaga Bændasamtaka Íslands um að ráðstafað verði alls kr. 7.000.000,- af framlögum ársins 2020 til framleiðslujafnvægis sbr. 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar til NBÍ. Fjárhæðir skiptist með eftirfarandi hætti: 5.000.000 kr. vegna kaupa á holdanautasæði af Nautís ehf. árið 2020 og 2.000.000 kr. vegna vinnu við sæðistöku og dreifingu. Erindi tekið til afgreiðslu. Engar athugasemdir. Tillagan var samþykkt.
 - b) Lögð var fram tillaga Bændasamtaka Íslands um að ráðstafað yrði alls kr. 25.000.000 af framlögum ársins 2020 til reksturs einangrunarstöðvar sbr. 9. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Erindi tekið til afgreiðslu. Engar athugasemdir. Tillagan var samþykkt.
- 2. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda um framkvæmd búvörusamninga.**

Erindi tekið til umræðu. Sérstaklega er kallað eftir upplýsingum um fyrirkomulag eftirlits með landnýtingarþætti gæðastýringar.
- 3. Erindi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um framlög til kynbótastarfs.**

Tekið var fyrir erindi RML um ráðstöfun 3% árlegra framlaga til kynbótastarfs þar sem óskað er eftir að framkvæmdanefnd búvörusamninga nýti heimild á árinu 2020 til að mæta kostnaði við sameiginleg verkefni í kynbótastarfi. Erindi tekið til afgreiðslu. Engar athugasemdir. Tillagan var samþykkt.
- 4. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda um ullarstuðla 2020.**

Tekin var fyrir tillaga Landssamtaka sauðfjárbænda um stuðla til greiðslna ullarnýtingarstuðla á einstaka gæðaflokka ullar, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1253/2019 um stuðning við sauðfjárrækt. Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda reifaði tillöguna. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og var hún samþykkt.
- 5. Mælaborð landbúnaðarins.**

Rætt um mælaborð og gögn um landbúnaðarframleiðslu. Mælaborð verður sett upp til að bæta framsetningu gagna um landbúnaðarframleiðslu, sem mun m.a. nýtast og tengjast störfum nefndarinnar. Rætt hvaða gagna sé nauðsynlegt að afla í tengslum við framkvæmd búvörusamninga og í tengslum við fyrirhugaða landbúnaðarstefnu.
- 6. Hámarksverð á greiðslumarki mjólkur.**

Hámarksverð á greiðslumarki mjólkur tekið til umræðu. LK fyrirhugar að senda tillögu til framkvæmdanefndar um hámarksverð. Umræðu frestað og ákveðið að setja á dagskrá næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:30.

